



Skráning á mót og velja rástíma




Byrjað er á að fara inn í golfboxið og smellt á mót.




Undir minn klúbbur birtast þau mót sem byrjuð er skráning í og skal smella á bláa takkann.




Þá kemur upp þessi valmynd og aftur er smellt á bláa takkann.



Þá opnast þessi gluggi og þú skrollar niður til að velja þér rástíma og smellir á bláa takkann til að setja þig inn í holl.




Þegar að rauði takkinn birtist þá ertu komin inn í hollið.




Hér þarf að fara alveg neðst á síðuna með því að skrolla og smella á græna takkann til að halda áfram




Hér þarftu að velja lit á teig.




Velur teig




Þegar búið er að velja teig þá þarf að smella á græna takkann til að halda áfram.




Hér er skrollað alveg neðst á síðuna og smellt á græna takkann til að halda áfram.




Þessi mynd kemur upp þegar búið er að skrolla neðst og þú ert skráð(ur) í mótið. Hér þarf að fara í skrá út/logout til að klára endanlega skráninguna. Hér gæti þú þurft að bíða í smá stund eða strjúka meða fingrinum eftir skjánum til að endurhlaða.



Ef skráning hefur tekist þá færðu tölvupóst með þessum skilaboðum Einnig er hægt að fara inn í golfboxið og sjá rástímann þar.



Til að sjá ráslita í mótum þá er farið inn á mín mót. Smelltu á minn klúbb þá koma upp þu mót sem þú ert skráð(ur) í. Smellir á mótið





Smellir á INFO/upplýsingar takkann og þá verður hann appelsínugulur og listi opnast, þú velur hvað þú vilt sjá. Rástímalisti birtist þar þegar búið er að birta listann.

Skráning á mót í öðrum klúbbum.



Smellir á stækkunarglerið neðst í hægra horninu.

Þá koma upp allir klúbbar á landinu. Finnur þann klúbb sem heldur mótið. Smellir á þann klúbb. Mótin eru eftir mánuðum og þú skrollar niður þar til þú finnur viðkomandi mót. Þú byrjar þá sama ferli og leiðbeiningar hér að ofan.



Athugið að stundum þarf að skrolla alveg niður til að fá upp “halda áfram” takkann.

Gangi ykkur vel að nota golfboxið ☺